
Efnistaka í Húsafelli

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 30. janúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá G.G. Sigurðssyni um áframhaldandi efnistöku í Húsafelli, Grindavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna. Samhliða barst tilkynning um áframhaldandi efnistöku á vegum sama aðila í Fiskidalsfjalli, Grindavíkurbæ, sem er um 2 km austur.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka í Húsafelli. Fyrirspurn um matsskyldu. Efla verkfræðistofa, janúar 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 14. febrúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvubréfi dags. 23. febrúar 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. febrúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. febrúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 23. febrúar og 29. ágúst 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að til að mæta þörf fyrir malarefni á Reykjaneskaga og nágrenni hyggist G.G. Sigurðsson halda áfram núverandi efnistöku í námum í Fiskidalsfjalli og Húsafelli. Starfsleyfi námanna sé fallið úr gildi og þurfi að endurnýja það.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé staðsett við Húsafell, um 3 km austan við Grindavík. Efni hefur verið unnið úr námunni síðan í seinni heimsstyrjöldinni en þrátt fyrir að hún hafi verið starfrækt um langt skeið þarf framkvæmdaraðili nú að fá framkvæmdaleyfi fyrir henni samkvæmt 13. gr. skipulagslaga. Gert er ráð fyrir að náman verði starfrækt til ársloka 2034.

Fram kemur að stærð efnistökusvæðisins sé 45.800 m². Efnistaka sé ekki fyrirhuguð á óröskuðu svæði en umferð vinnutækja geti raskað lítilla landi á jöðrum efnistökusvæða sem afmörkuð hafi verið. Fyrirhugað sé að vinna 140.000 m³ af fínu sandefni og sandmold úr námunni og áætlað sé að árleg efnistaka verði um 8.000 m³. Fram kemur að aðkoma að námunni sé frá Suðurstrandarvegi (427). Áætlaður fjöldi ferða flutningsbifreiða er á milli 10-20 þá daga sem efnistaka fer fram en að meðaltali sé þó einungis gert ráð fyrir 1-2 ferðum daglega.

Fram kemur að, að öllu jöfnu sé ein hjólaskófla og harpa í námunni. Beltagrafa, jarðýta og forbrjótur séu á svæðinu í styttri tíma eftir þörfum. Ekki sé gert ráð fyrir að geyma olíubirgðir eða efni á framkvæmdasvæðinu umfram þær sem séu í eldneystönkum vinnuvéla. Vinnuvélum verði haldið



vel við til að draga úr líkum á mengunarslysi. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir að sprengja þurfi á svæðinu heldur verði einungis notaðar vinnuvélar.

Fram kemur að frágangur á efnistökusvæðinu verði í samræmi við leiðbeiningar og tilmæli heimasíðunnar namur.is, Við lok efnistöku verði öll tæki flutt burt og svæðið lagað að núverandi landi og gengið frá yfirborði í samræmi við það. Á svæðinu sé að finna laus yfirborðsefni sem verði notuð við frágang. Forðast verði að skilja eftir skarpar línur í landslaginu. Sáð verði einæru grasi til að flýta fyrir landnámi grenndargróðurs ásamt því að hindra vatns- og vindrof.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróðurfar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lítill sem enginn yfirborðsgróður sé á efnistökusvæðinu. Landsvæðið í næsta nágrenni sé að mestu þurrlendi og fjara og skiptist á hélumosa-, hraungambra-, lynchrauna- og sandstrandarvist. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa áhrif á plöntutegundir á valista. Nú þegar gæti áhrifa fyrri framkvæmda og talið sé að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítil sem engin áhrif á gróðurfar svæðisins.

Landslag

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifa á landslag gæti nú þegar vegna efnistöku og slóða sem hafi verið gerðir. Landslag á svæðinu teljist ekki hafa sérstöðu hér á landi, svæðið njóti hvorki verndar né sé það fágætt. Ekki sé talið að ásynnd muni breytast mikið miðað við það efnismagn sem áætlað sé að taka.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu áhrif áframhaldandi efnistöku felist í auknum sjónrænum áhrifum og neikvæðum áhrifum á landslag. Þessi áhrif eru þó þegar komin fram en munu aukast í takt við umfang frekari efnistöku. Stofnunin telur ekki líklegt að frekari efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér úr því sem komið er. Hins vegar mætti draga verulega úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með því að nýta aðra námuna í einu¹ og ganga frá þeirri námu þegar efnistöku þar ljúki. Gera hefði mátt frekari grein fyrir hvernig staðið verði að vinnslu og frágangi námanna og mögulegum valkostum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í Fiskidalsfjalli sé tekið bögglaberg / grús en í Húsafelli sé tekinn sandur og sandmold. Námurnar hafi því mismunandi hlutverk og með hliðsjón af því sé ekki talið ákjósanlegt að fara að tillögu Umhverfisstofnunar um að nýta aðra námuna í einu. Fram kemur að efni verði unnið með jarðýtu og hjólaskóflu eins og lýst hafi verið í greinargerð.

Nokkrir aðilar hafi unnið úr námunni og sé því erfitt að áætla áfangaskiptingu, unnið verði norðvestanmegin í námunni og inn fjallið. Meðfram efnisvinnslu hafi framkvæmdaraðili unnið að því að loka holum og jafna út svæði á eldra námusvæðinu og náman verði áfram unnin þannig að frágangur fari sem mest fram samhliða vinnslu, það sé bæði hagkvæmara fyrir framkvæmdaraðila og betra fyrir umhverfið og ásynndina. Ekki sé um að ræða mikla efnistöku og því sé erfitt að vinna í lokun á svæðunum fyrr en undir lok efnistöku. Þá verði afgangsefni nýtt til að hylja ásynnd námanna frá Suðurstrandarvegi. Framkvæmdaraðili mun ganga frá efnistökusvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfinu. Við lokafrágang verði öll tæki flutt af svæðinu og haft samráð við Umhverfisstofnun eða Landgræðsluna varðandi uppgræðslu.

¹ Tilvísun í námu í Fiskidalsfjalli, Grindavíkurbæ.



Fuglalíf

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að engin fuglategund á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands hafi sést á svæðinu í talningu árið 2000 og ólíklegt sé að þær fuglategundir sem verpi á svæðinu myndu nýta raskað efnistökusvæði sem varplendi. Ekki hafi fuglatalningar verið gerðar síðan það ár en þá voru kríur taldar. Samkvæmt nýjum upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er enn kríuvarp á svæðinu en það hafi gengið upp og ofan eins og annað kríuvarp í þessum landshluta. Gert sé ráð fyrir að efnistakan muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf og áhrif á búsvæði fugla séu óveruleg þar sem ekki sé fyrirhugað að raska nýju svæði. Helstu áhrif á fugla séu vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla en þau séu talin óveruleg neikvæð, tíma- og staðbundin.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Svæðið þar sem námuvinnslan fer fram er skilgreint sem efnistökusvæði í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030. Þar kemur fram að námusvæði hafi ekki lengur starfsleyfi og að ekki sé vitað um stærð þess né efnismagn. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt telur Skipulagsstofnun að liggja þurfi fyrir samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.7.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Suðurnesja samkvæmt reglugerð nr. um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áframhaldandi efnistöku í Húsafelli, Grindavíkurbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun, mengun, ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum er haldið áfram efnistöku í Húsafelli sem hefur staðið yfir í rúma sjö áratugi. Ekki er um að ræða umfangsmikið efnistökusvæði eða umfangsmikla efnistöku en sammögnunaráhrif verða með efnistöku úr Fiskidalsfjalli sem er skömmu austar. Efni hefur verið unnið úr námunni mjög lengi og áhrif hennar á umhverfið að mestu komin fram auk þess sem ekki er fyrirhugað að vinna efni á ósnortnu svæði. Skipulagsstofnun telur hins vegar mikilvægt að við lok efnistöku verði haft samráð við Umhverfisstofnun um frágang og Landgræðsluna um uppgræðslu. Ekki er gert ráð fyrir mikilli umferð malarflutningabifreiða að meðaltali daglega og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir olíumengun frá farartækjum verða gerðar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einnig taka mið af staðsetningu hennar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með hliðsjón af verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um



náttúruvernd, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til kjörlendis dýra.

Eins og fyrr sagði er framkvæmdasvæðið umfangslítið og á röskuðu landi. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að helstu áhrif áframhaldandi efnistöku felist í auknum neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd. Á móti kemur að ekki er fyrirhuguð efnistaka utan þeirra svæða sem þegar hefur verið raskað. Fyrirhuguð efnistaka mun því hafa lítil sem engin áhrif á núverandi gróðurfar svæðisins. Landslag á svæðinu hefur ekki sérstöðu hér á landi og svæðið nýtur ekki verndar.

Óvissa er um kríuvarp í nágrenni efnistökusvæðisins, nánar tiltekið rétt austan við Hraun, og áhrif efnistökkunnar á það. Kría er algengur varpflug hér á landi en varp hefur að mestu brugðist vegna sandsílaskorts sunnanlands frá 2004 og því eru ekki nægjanlegar upplýsingar til að meta með vissu hvaða kríuvörp hér á landi eru alþjóðlega mikilvæg, auk þess sem marktækar talningar eru tiltölulega fáar². Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að hún undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum og sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ljóst er að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku verða varanleg og óafturkræf en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Þó má gera ráð fyrir að sammögnunaráhrif með efnistöku í Húsfelli verði nokkuð neikvæð hvað varðar ásýnd. Draga má úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar með þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili fyrirhugar, að vinna norðvestanmegin í námunni og inn fjallið, vinna þannig að frágangur fari sem mest fram samhliða vinnslu og fella svæðið að umhverfinu í lok vinnslutímabils. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. nóvember 2018.

Reykjavík, 2. október 2018.

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir

² Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.